

Landhelgisgæsla Íslands  
Skógarhlíð 14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2019  
UST201912-224/H.H.  
09.04.00

### **Efni: Eftirlit í Surtsey**

Landhelgisgæslan stefnir á að fara í eftirlitsferð yfir Surtsey í kjölfar óveðurs sem gekk yfir landið á dögnum. Mögulega þarf að lenda í eyjunni ef skemmdir á skálanum Pálsbæ koma í ljós.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar. Heimilar eru ferðir í Surtsey vegna viðhalds á Pálsbæ eða annarra sértækra framkvæmda í friðlandinu að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

### **Lýsing verkefnis:**

Landhelgisgæslan stefnir á að fara í eftirlitsflug yfir Surtsey 21. - 22. desember 2019. Í ferðinni verður athugað hvort skemmdir hafa orðið á Pálsbæ í óveðri sem gekk yfir landið allt um miðjan desember, ef þörf krefur mun Landhelgisgæslan lenda og meta skemmdir.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni hafa lítil eða engin áhrif á náttúrufar svæðis. Fyrirhugað er að fljúga þyrllu Landhelgisgæslunnar yfir Surtsey og athugað hvort tjón hafi orðið á skálanum Pálsbæ í ofsaveðri sem nýlega gekk yfir. Ef skemmdir koma í ljós hafa starfsmenn gæslunnar boðist til að stíga í land og loka fyrir hlera ef þeir reynast opnir. Ef stigið verður niður í eyjuna verður það stutt stopp og á þeim árstíma sem ekkert varp eða ungar eru í eyjunni. Áhrif á lífríki væru því hverfandi, ef nokkur, sé skilyrðum fylgt.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Landhelgisgæslunni fyrir sitt leyti leyfi fararleyfi til Surtseyjar sbr. lýsingu hér að ofan 21. - 22. desember 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Fararleyfið gildir engöngu fyrir eftirfarandi aðila:
  - Walter Ehart
  - Tryggvi Steinn Helgason
  - Elvar Steinn Þorvaldsson
  - Kristján B. Arnarsson
  - Mikael S. Mikaelsson

- Sigurður H. Wiium
  - Tryggvi S. Helgason
  - Hreggviður Símonarson
  - Kristján B. Arnarsson
  - Mikael S. Mikaelsson
  - Halldóra S. Guðvarðardóttir
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.
  - Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
  - Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
  - Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
  - Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangurstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
  - Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
  - Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
  - Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllst

*Hildur Hafbergsdóttir*

Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur

*Daníel Freyr Jónsson*

Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur